



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Dagsetning 8. maí 2024
Málsnúmer DMR24010234

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 3. maí síðastliðnum þar sem þess er óskað að dómsmálaráðuneytið taki saman minnisblað um nánar tilgreind atriði í tilefni af umfjöllun nefndarinnar um 691. mál – meðferð sakamála, meðferð einkamála, gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.), sem var vísað aftur til nefndarinnar á milli 2. og 3. umræðu. Í erindi nefndarinnar segir nánar tiltekið:

Nefndin samþykkti að óska eftir minnisblaði þar sem gerð verði nánari grein fyrir hvort og þá hvernig reglugerðir nr. 131/2023 um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólfi og nr. 180/2024 um framkvæmd laga um starfrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda, samræmist núgildandi ákvæðum laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991 og fyrirliggjandi frumvarpi sem varðar m.a. heimildir til rafrænnar birtingar ákæru og annarra gagna í stafrænu pósthólfi stjórnvalda. Jafnframt er óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þeirra heimilda sem er kveðið á um í tilgreindum reglugerðum, settum af fjármála- og efnahagsráðherra á grundvelli laga um starfrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021, með vísan til þess að mál er varða réttarfar og málefni lögmannna heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022.

Um stefnur og stefnubirtingar er fjallað í XIII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Um birtingu stefnu er sérstaklega fjallað í 83. gr. laganna sem nú hljóðar svo:

- Birting stefnu er lögmæt ef:
 - stefnuvottur eða lögbókandi vottar að hann hafi birt hana fyrir stefnda eða einhverjum sem er bær um að taka við henni í hans stað,
 - samrit hennar er sent í ábyrgðarbréfi sem er borið út og póstmaður vottar að hann hafi afhent bréfið stefnda eða öðrum sem er bær um að taka við stefnu í hans stað.
- Stefna telst einnig nægilega birt ef hún er auglýst í Lögbirtingablaði skv. 89. gr.
- Í stað stefnubirtingar skv. 1. mgr. og jafngilt henni má koma stefnu á framfæri með því að:
 - stefndi riti sjálfur undir yfirlýsingu á stefnu um að samrit hennar hafi verið afhent sér,
 - hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður riti undir sams konar yfirlýsingu þar sem einnig er tekið fram að stefndi hafi falið honum að sækja þing fyrir sig við þingfestingu máls.
- Ef stefndi sækir þing við þingfestingu máls breytir engu þótt stefna hafi ekki verið birt eða komið á framfæri við hann, galli hafi verið á birtingu eða birt með of skömmum fyrirvara.

Í því frumvarpi sem allsherjar- og menntamálanefndar hefur nú til umfjöllunar eru ekki lagðar til neinar breytingar á framangreindu ákvæði hvað birtingarmáta stefna áhrærir, sbr. umfjöllun í kafla 5.3 í skýringum við frumvarpið. Enn sem komið er hefur ekki verið veitt leyfi á grundvelli 2. tölul. 2. gr. reglugerðar 131/2023. Ráðuneytið hefur komið því á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið að umræddu ákvæði reglugerðarinnar verði ekki beitt án aðkomu dómsmálaráðuneytisins.

Þá er bent á að samkvæmt f-lið 9. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 31/2022, fer fjármála- og efnahagsráðuneyti með málefni sem varða almenna umbætur í starfsemi hins opinbera, þar á meðal stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Fyrir hönd ráðherra



Bryndís Helgadóttir



Hákon Þorsteinsson